

ingu“ við skiptarétt Seltjarnarness hinn 26. nóvember 1986, telst bindandi grundvöllur fyrir skiptingu eigna búans og er litið svo á, að skiptum þess hafi verið lokið.

Sóknaraðili, Einara Sigurbjörg Einarsdóttir, greiði varnaraðila, Arnari Moubarak, kr. 17.309,00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 19. október 1988.

Nr. 339/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Gústav Reinholt Gústavssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem hann lýsti fyrir héraðsdómara þegar eftir uppkvaðningu úrskurðarins hinn 12. október sl. Gögn málsins bárust Hæstarétti 14. s.m. Hann krefst þess að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur úr gildi og kærumálskostnaður.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar er hann staðfestur. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. september 1988.

Ár 1988, miðvikudaginn 28. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

RLR hefur gert þá kröfu að Gústav Reinholt Gústavssyni, Yrsufelli 9, Reykjavík, fæddum 7. janúar 1962, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 19. október nk. kl. 17:00 vegna gruns um brot gegn 252. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Rannsóknarlögregla ríkisins vinnur nú að rannsókn á ráni sem framið var að Sævargörðum 1 á Seltjarnarnesi aðfaranótt 21. þessa mánaðar. Í húsinu búa öldruð hjón, sem komin eru fast að áttæðu. Hefur maðurinn skýrt frá því að umrædda nótt hafi hann vaknað við hávaða og hann því talið að verið væri að brjótast inn í húsið. Hann hafi því gengið í átt til setustofu í þeim tilgangi að hringja á lögreglu, en er hann var rétt ókominn þangað, hafi hann séð þrjá grimuklædda menn, og hafi það engum togum skipt að einn þeirra hafi slegð hann í höfuðið með göngustaf. Taldi hann sig hafa misst meðvitund því skömmu síðar hafi hann rankað við sér liggjandi í stofusófanum. Hann hafi þá heyrt hróp í konu sinni og hinir grimuklæddu menn dregið hana inn í stofuna til hans. Þá hafi þeir verið búnir að stela skartgripum eiginkonu hans, sem voru í svefnherbergi hennar.

Eftir því sem næst verður komist höfðu menn þessir á brott með sér úr húsinu u.þ.b. 15 - 20.000,00 kr. í reiðufé, þrjá gullhringa ísetta steinum og nokkrar áfengisflöskur, svo sem hvítvins-, kampavins- og whisky-flöskur. Skáru þeir í sundur símalínur í húsinu áður en þeir héldu á brott með fenginn.

Við frumrannsókn málsins bárust RLR upplýsingar um að Bjarni Sigurðsson, fæddur 18.06. 1961, kynni að vera viðridinn málið, og var hann handtekinn skömmu eftir hádegi í gær. Í skýrslu sem hann gaf þá greindi hann frá ferðum sínum og skýrði m.a. frá því að Aðalsteinn Guðlaugur Aðalsteinnsson hafi verið með honum í för er hann braust inn í herbergi að Eskihlíð 16.

Í framhaldi af þessu var framangreindur Aðalsteinn boðaður til skýrslutöku hjá RLR í gær. Í þessari skýrslu greinir hann frá ferðum sínum með Bjarna, þar sem m.a. kemur fram að síðdegis laugardaginn 24. þ.m. hafi þeir Bjarni farið ásamt Ásthildi Björku Guðlaugsdóttur og kærða Gústav Reinholt Gústavssyni vestur á Seltjarnarnes að tilvísun Bjarna sem hafi viljað sýna þeim hús þar sem væri að finna mikið af peningum, skartgripum auk peningaskáps. Skýrsla, sem tekin var af Ásthildi, staðfestir þessa frásögn Aðalsteins, en gögn málsins sýna að hús það sem þeir skoðuðu í þessu skyni er húsið nr. 1 við Sævargarða á Seltjarnarnesi.

Kærði hefur við yfirheyrslur staðfastlega neitað að eiga nokkra aðild að

máli þessu. Hann hefur gert grein fyrir ferðum sínum síðastliðið laugardagskvöld og sunnudagsnótt, en framburður hans er í veigamiklum atriðum í verulegu ósamræmi við það sem aðrir hafa borið.

Um kl. 23:00 í gærkvöldi var framkvæmd hútleit í bílskúr hússins nr. 3 við Blönduhlíð hér í borg, en þar hefur kærði innhlaup. Við hútleitina fundust meðal annars nokkrar áfengisflöskur sem sýnast vera af sömu tegund og hinir grimuklæddu menn höfðu á brott með sér frá Sævargörðum 1 á Seltjarnarnesi.

Eins og rannsóknargögn málsins bera með sér er rannsókn þess enn á frumstigi. Þykir sýnt að kærði sé undir rökstuddum grun um að eiga aðild að málinu. Með vísan til framanritaðs og skirskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. 1. nr. 74/1974 þykir því rétt að taka kröfu RLR til greina. Skal kærði skv. því sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 12. október nk. kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Gústav Reinhold Gústavsson, skal sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 12. október nk. kl. 17:00.

Miðvikudaginn 19. október 1988.

Nr. 340/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Hallgrími Péttri Gústavssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem hann lýsti fyrir héraðsdómara þegar eftir uppkvaðningu úrskurðarins hinn 12. október sl. Gögn málsins bárust Hæstarétti 14. s.m. Hann krefst